

Fiskiveiðasamþykktir.

179

8. des.

Sýslunefndin í Gullbringu- og Kjósarsýslu hefur, með lögakveðinni hlutdeild af hálfu bæjarstjórnar Reykjavíkurkaupstaðar, samkvæmt lögum 14. desbr. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, sbr. lög 4. desbr. 1886, gjört eptirfyljandi samþykktir:

I. Samþykkt

um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, fyrir Rosmhvalanesshrepp, Njarðvíkurhrepp, Vatnsleysustrandarhrepp, Garðahrepp; Bessastaðahrepp, Seltjarnarnesshrepp og Reykjavíkurbæ.

1. grein.

Í þeim hreppum og bæjarfelagi, sem samþykkt þessi nær yfir, sem eru: Rosmhvalanesshreppur, Njarðvíkurhreppur, Vatnsleysustrandarhreppur, Garðahreppur, Bessastaðahreppur, Seltjarnarnesshreppur og Reykjavíkurbær, má enginn leggja þorskanet í sjó fyr en 7. apríl ár hvert.

2. grein.

Nú verður fiskimaður brotlegur móti 1. grein, skulu þá skipaðir tilsjónarmenn upptaka og flytja á land net þau, sem lögð eru gagnstætt ákvæðum hennar, þótt yfirvald hafi eigi úrskurðað, en tafarlaust skulu þeir tilkynna lögreglustjóra upptökuna og málavöxtu, og skal hann með úrskurði ákveða, að netin skuli höfð í haldi, unz eigandi eða umboðsmaður hans sýnir vottorð lögreglustjóra um það, að sá, sem netin voru upptekin fyrir, sje sýknaður með dómi, eða málsókn gegn honum niðurfalinn, eða að hann hafi greitt sektir þær, sem honum hafa verið gjörðar, eða sett fyrir þeim fullgilda tryggingu. Afli sá, sem fenginn er með aðferð þeirri, sem er móti 1. grein, skal upptækur vera, og andvirði hans renna að hálfu í fátækra sjóð og að $\frac{1}{4}$ til uppljóstrarmanns og $\frac{1}{4}$ til þess, sem upptekur. Sá sem brotlegur verður greiði þar að auki sekt frá 5—500 kr., sem tilfalli þeim sömu og aflinn í sama hlutfalli.

3. grein

Hinn 7. apríl ár hvert, og upp frá þeim degi, er mönnum heimilt að leggja þorskanet, hvar sem þeir vilja; þó má ekki leggja þorskanet á hraun með landi fram; varðar sektum frá 5—50 kr., ef gjört er.

4. grein.

Fyrir innan Stakk við Hólmsberg skulu allir fiskimenn á svæði því, sem samþykktin nær yfir, skyldugir að bera niður á fiskimiðum, einkanlega þar sem hraun er í botni, hrogn úr öllum fiski, sem aflast á tímabilinu frá 14. marz til 11. maí ár hvert, nema þau hrogn, sem höfð eru til manneldis og beitu. Skulu hreppsnefndir í hverjum hreppi hafa eptirlit með því, að eptir þessu sje breytt.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 10—100 krónum.

5. grein.

Eigi skal uppdraga þorskanet fyr en hjart er af degi, og eigi skal draga upp þorskanet síðar á degi, en um sólarlag, að viðlögðum sektum frá 10—50 krónum.

6. grein.

Enginn, sem til fiskjar rær, skal varpa grjóti því, sem til seglfestu hefur verið notað, í sjó, nema brýn nauðsyn beri til. Varðar sektum frá 10—50 krónum.

179

8. des.

Sektir allar eptir 3.—6. grein falla að hálfu til fátækra sjóðs, að hálfu til uppljósturmanns. Sekt og affi tilfellur fátækra sjóði í þeim hreppi, sem sá, er brýtur, rær frá.

8. grein.

Í hreppum þeim, sem samþykkt þessi nær yfir, skipar sýslumaður tilsjónarmenn, svo marga, sem þörf er á, til að gæta þess, að eigi sje brotið á móti samþykkt þessari. Í Reykjavíkurbæ skipar bæjarfógetinn sömuleiðis hæfilega marga tilsjónarmenn.

9. grein.

Það sem eigi er tekið upp í samþykkt þessa úr hinum eldri samþykktum frá 9. júní 1885 og 11. janúar 1888, fellur úr gildi, þá er samþykkt þessi hefur náð gildi

*

*

Samþykkt þessi er hjer með staðfest af undirskrifuðum amtmanni til þess að öðlast gildi 1. dag janúarmánaðar 1891, og kunngjörist öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Íslands Suðuramt, Reykjavík, 8. desbr. 1890.

E. Th. Jónassen.

180

8. des.

II. Samþykkt

um brúkun ýsulóðar í sunnanverðum Faxaflóa.

1. grein.

Í þeim hreppum og bæjarfjelagi, sem samþykkt þessi nær yfir, sem er: Rosm-hvalanesshreppur, Njarðvíkurhreppur, Vatnsleysustrandarhreppur, Gardahreppur, Bessa-staðahreppur, Seltjarnarnesshreppur og Reykjavíkurbær, má enginn leggja ýsulóð í sjó á tímabilinu frá 1. janúar til 11. maí ár hvert, hvort sem fiskimenn eiga heima í hreppum þessum, eða róa þaðan styttri eða lengri tíma.

Heimilt skal þó þeim, sem búsettir eru í Garði, að leggja lóðir þær, er þeir eiga sjálfir, fyrir utan beina línu, Kolbeinsstaðavörðu um Útskála og ekki dýpra en svo kallað «Djúpaskarð».

2. grein.

Í hreppum þeim, sem samþykkt þessi nær yfir, skipar sýslumaður tilsjónarmenn svo marga sem þörf er á, til að gæta þess, að eigi sje brotið á móti samþykkt þessari, en í Reykjavík skipar bæjarfógetinn sömuleiðis hæfilega marga tilsjónarmenn.

3. grein.

Nú verður fiskimaður brotlegur á móti 1. grein, skulu þá skipaðir tilsjónarmenn upptaka og flytja í land lóðir þær, sem brúkaðar eru gagnsætt ákvæðum hennar, þótt yfirvald eigi hafi úrskurðað, en tafarlaust skulu þeir tilkynna lögreglustjóra upptökuna og málavöxtu, og skal hann með úrskurði ákveða, að lóðin skuli höfð í haldi, unz eigandi eða umboðsmaður hans sýnir vottorð lögreglustjóra um það, að sá, sem veiðarfærin voru upptekin fyrir, sje sýknaður með dómi, eða málssókn gegn honum sje niðurfalinn,